

Alþingi
Erindi nr. P/139/136
komudagur 8 P/139/136

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 5. nóvember 2010

Efni: Umsagnarbeiðni frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 99/1993, 13. mál á 139. löggjafarþingi.

Landssambandi kúabænda hefur borist umsagnarbeiðni nefndarinnar vegna framangreinds máls. Eftir sameiningu mjólkuriðnaðarins á Íslandi frá 1. janúar 2007 er innheimta verðmiðlunargjalds óþörf. Það sama á við um innheimtu verðtilfærslugjalda. Sameining fyrirtækja í mjólkuriðnaði gerir innheimtu þeirra gjalda óþarfa. Landssamband kúabænda leggur því til að frumvarpið verði samþykkt.

Gjöld þessi hafa verið hluti af opinberu verðlagningarkerfi mjólkurframleiðslunnar hér á landi en þjóna nú ekki lengur tilgangi. Hins vegar ríkir sátt um að viðhalda opinberri verðlagningu á stórum hluta mjólkurafurðanna. Forsenda þeirrar verðlagningar er greiðslumarkskerfið og forgangur greiðslumarksmjólkur að innanlandsmarkaði. Landssamband kúabænda treystir því að Alþingi ljúki nauðsynlegum lagabreytingum sem taki af öll tvímæli um þann forgang.

Virðingarfyllst,


Baldur Helgi Benjamínsson
Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda